

FUNDARGERÐ	Tilefni fundar Sameiginlegur fundur allra vatnasvæðanefnda (1-4) Yfirferð á stöðu mála innan stjórnar vatnamála (sjá dagskrá)		Síða 1 / 2
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
18.6 2020	13:00-15:00	Fjarfundur	2
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari MJF		
Fundarmenn:			
Umhverfisstofnun: Marianne Jensdóttir Fjeld, Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, Katrín Sóley Bjarnadóttir, Tryggvi Þórðarsson, Hólmfríður Þorsteinsdóttir.			
Vatnasvæðanefnd 1: Kristján Ingi Arnarsson og Ingibjörg Huld Þórðardóttir. Ellefu fundarmenn fjarverandi.			
Vatnasvæðanefnd 2: Rut Jónsdóttir, Starri Heiðmarsson, Lárus Heiðarsson. Fjórtán fundarmenn fjarverandi.			
Vatnasvæðanefnd 3: Finnur Torfason, Angantýr Einarsson, Hannibal Kjartansson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Agnes Geirdal og Gerður Stefánsdóttir. Tíu fundarmenn fjarverandi.			
Vatnasvæðanefnd 4: Páll Stefánsson, Svava S. Steinarsdóttir, Guðmundur Elíasson, Laufey Erlendsdóttir, Pétur Davíðsson og Ása Hólmarsdóttir. Prettán fundarmenn fjarverandi.			
Aðrir fundarmenn: Ólafur Þór Ólafsson, Ragnildur Sævarsdóttir og Sigfús Ingi Sigfússon			
Afrit sent á alla fundarmenn (aðalmenn og varamenn) gegnum sameiginlegt samstarfssvæði			

Lýsing
<p>1. Mikið breytt og manngerð vatnshlot</p> <p>Vinnuhópur kynnti skýrslu um tilnefningu vatnshlota í hóp mikið breyttra og manngerðra vatnshlota skv. 13. gr. laga um stjórn vatnamála. Hópurinn einbeitti sér í þessari fyrstu umferð eingöngu að mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum í tengslum við virkjanir og lón. Aðferðarfræðin kynnt og farið yfir þær forsendur sem voru notaðar til að tilnefna vatnshlotin í þennan hóp. Alls er um 53 vatnshlot að ræða í þessari fyrstu umferð.</p> <p>Fundarmenn ræddu um önnur vatnshlot sem eru ekki á listanum en eru undir álagi vegna vatnsformfræðilegs álags t.d. minni stíflur? Jafnframt rætt um hvernær og hvort eigi að skoða þverun fjarða t.d. Gilsfjörður. Svar UST: Hópurinn einbeitt sér að í fyrstu umferð að umfangsmiklu álagi vegna virkjanaframkvæmda. Síðar þarf að huga að öðru vatnsformfræðilegu álagi t.d. þverun fjarða osfrv. Þó svo að vatnsformfræðileg álag sé til staðar í vatnshloti þá er það ekki sjálfgefið að það komist á lista yfir mikið breytt og manngerð vatnshlot. Farið verður síðar í önnur vatnshlot sem eru undir umtalsverðu álagi vegna vatnsformfræðilegra þátta m.t.t. þess hvort þau eigi að fara á listann. Óháð því hvort vatnshlot falli í þennan hóp eða ekki þarf hinsvegar að skrá allt vatnsformfræðileg álag á vatnshlot og verður það vinna sem þarf að fara fram síðar og verður skráningin sýnileg í vatnavefsjánni.</p> <p>Skýrsla um mikið breytt og manngerð vatnshlot fer í opinbera kynningu í lok júní og verður sett inn á samstarfssvæði vatnasvæðanefndanna þar sem nefndarmenn geta lesið hana yfir og gert athugasemdir.</p>

2. Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun kynnti drög að vöktunaráætlun undir stjórn vatnamála, en vöktunaráætlun er hluti af vatnaáætlun sem mun taka gildi í upphafi árs 2022. Vöktunaráætlun munu fara til yfirlstrar bráðlega hjá þeim fagstofnunum sem taldar eru upp undir lögum um stjórn vatnamála og stefnt er að því að hún komin til umsagnar ráðgjafanefndanna í september næstkomandi.

Nefndarmenn ræddu um skiptingu grunnvatnshlota á höfuðborgarsvæðinu og að þær afmarkanir sem hafa verið gerðar á vatnshlotum þar þurfi nauðsynlega að endurskoða. Nefndarmenn sammála um nauðsyn þess. Svar UST: Farið verður í þessa vinnu bráðlega. Nýtt upplýsingakerfi stjórnar vatnamála hefur verið í vinnslu í vetur. Þegar hægt verður að fara í þessar breytingar á afmörkun þá verður reynt að taka málið fyrir.

Nefndarmenn ræddu um þá landfræðilegu skiptingu sem er milli vatnasvæðanna fjögurra og afhverju línurnar voru settar eins og þær eru t.d. afhverju Þingvallavatn tilheyrir vatnasvæði 4 en ekki vatnasvæði 3. Svar UST: Þegar lög um stjórn vatnamála voru skrifuð var skiptingin ákveðin og er kort af þessum fjórum vatnasvæðum á mynd í lögnum. Þar sem engir núverandi starfsmenn Umhverfisstofnunar komu að vinnu við þessa landfræðilegu skiptingu þá var ekki hægt að svara þessu á fundinum. Umhverfisstofnun getur þó grenslast fyrir um það hversvegna landfræðilegu línurnar voru lagðar niður á þann hátt sem raunin er.

3. Aðgerðaráætlun

Umhverfisstofnun kynnti aðgerðaráætlun undir stjórn vatnamála. Aðgerðirnar eru um 45 talsins og eru af ýmsum toga. Ein stærsta aðgerðin snýr að fráveitumálum, einnig aðgerðir sem snúa að tveimur vatnshlotum sem eru í hættu vegna slæms efnafræðilegs ástands (Tjörnin í Reykjavík og Rosmhvalanes 2). Nokkuð margar aðgerðir snúa að því að bæta ástandsflokkunarkerfið undir stjórn vatnamála og vöktun í vatnshlotum. Auk þess verður áhersla lögð á að bæta innleiðingu reglugerða, endurskoða starfsleyfi og slíkt þar sem þess þarf.

Aðgerð um að fráveitur sveitarfélaga uppfylli kröfur reglugerða er eins og er aðeins ein og því afar umfangsmikil. Því hefur verið ákveðið að eiga samtal í haust við þau sveitarfélög/þéttbýli sem losa meira en 2000 persónueiningar af skólpi, um hvernig hægt verður að skilgreina áætlanir sveitarfélagsins í fráveitumálum á þessum vatnahring ásamt kostnaðarmati. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita sveitarfélögum styrki til fráveituframkvæmda fyrir allt að 20-30% af kostnaði framkvæmdanna.

Engar spurningar frá fundarmönnum varðandi þennan lið

4. Annað

Kynningar og fundargerð sett inn á samtarfssvæði